

Reykjavík 13.10.1986

Kæru Kvennalistakonur!

Í kjölfar þeirrar ákvörðunar Kvennaframboðsins s.l. vetur að fara ekki í framboð aftur vakna að sjálfsögðu ýmsar spurningar um framtíð Kvennaframboðsins og þar af leiðandi framtíð VERU. Því förum við þess á leit við ykkur að þið tilnefnið fulltrúa úr ykkar samtökum til viðræðna við okkur um framtíðarskipulag VERU.

A félagsfundum Kvennaframboðsins 8. okt. s.l. var samþykkt að felá þeim Guðrúnu Ólafsdóttur, Magdalenu Schram og Brynhildi Flóvenz að vera fulltrúar Kvennaframboðsins í þeim viðræðum.

Með bestu kveðjum

f.h. Kvennaframboðsins

Brynhildur G. Flóvenz